

## Skólanámskrá 3. bekkur

### Upplýsinga- og tæknimennt

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Einnig felst í upplýsinga- og miðlalæsi geta til að nálgast og nota upplýsingar í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt. Þannig getur nemandi öðlast hæfni í að tileinka sér, umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi.


**Vinnulag:** Í 3. bekk er lögð áhersla á að kenna nemendum rétt vinnulag við tölvur, áfram haldið með áherslu á íslensku auk viðbótarþekkingar í öðrum fögum með hjálp tölvunnar og veraldarvefsins. Nemendur munu nota Chromebook tölvur og spjaldtölvur og þau forrit sem nemendur hafa aðgang að, m.a. Google Docs og Google Slides. Að auki munu nemendur fá að kynnst og prófa fjölbreytt náms- og kennslugögn á sviði upplýsingatækni.

Helstu kennsluáðferðir eru verkleg kennsla, umræðu- og spurnaraðferðir, þjálfunaræfingar og þrautalausnir.

**Námsmat:** Byggist á verkefnum og virkni í tímum og er sett fram í formi umsagna.

**Kennarar:** Jóhanna Þorvaldsdóttir, Jón Ingi Gíslason og Marta Gunnarsdóttir.

**Tímaáætlun:** Samþætt við aðrar námsgreinar.



## Skólanámskrá 3. bekkur

Grunnþættir menntunar í upplýsinga- og tæknimennt 1. – 10. bekk

| Grunnþáttur             | Nemandi:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|-------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Heilbrigði og velferð   | <ul style="list-style-type: none"> <li>öðlist skilning á þeim áhrifum sem fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan,</li> <li>áttar sig á styrkleikum sínum og áhugasviði</li> <li>þekkir styrkleika sína og byggir upp góða sjálfsmynd.</li> <li>læri rétta líkamsbeitingu,</li> <li>skilur að upplýsinga- og miðlalæsi er ferli sem hann eflir alla ævi, bæði í námi og starfi.</li> </ul>                                       |
| Jafnrétti               | <ul style="list-style-type: none"> <li>virðir jafnan rétt einstaklinga</li> <li>fái tækifæri til að þrskast á eigin forsendum,</li> <li>fái jöfn tækifæri til sköpunar.</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Lýðræði og mannréttindi | <ul style="list-style-type: none"> <li>getur valið sér viðfangsefni út frá áhugasviði og styrkleika,</li> <li>ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins,</li> <li>tileinkar sér lýðræðisleg vinnubrögð,</li> <li>virða siðferði í meðferð upplýsinga og heimilda og sýna víðtæka hæfni í notkun tækni og miðlunar.</li> </ul>                                                                                                           |
| Læsi                    | <ul style="list-style-type: none"> <li>sé læs á upplýsinga- og miðlalæsi,</li> <li>þekki til umræðuhefðar og orðanotkunar tungumálsins,</li> <li>geti lagt mat á og rýnt margvíslega texta og mismunandi miðla.</li> </ul>                                                                                                                                                                                                               |
| Sjálfbærni              | <ul style="list-style-type: none"> <li>getur tekist á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags, margvísleg álitamál og ágreiningsefni,</li> <li>geri sér grein fyrir eigin velferð og annarra í samskiptum á veraldarvefnum,</li> <li>þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun og setja sig í spor annarra,</li> <li>geri sér grein fyrir ábyrgð sinni á samfélagsmiðlum.</li> </ul> |
| Sköpun                  | <ul style="list-style-type: none"> <li>nýti tæknina á jákvæðan og skapandi hátt,</li> <li>virki hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir,</li> <li>nýtir ímyndunaraflíð til að leika sér með ýmsa möguleika á samskiptamiðlum,</li> <li>geti komið frá sér efni á sem fjölbreytilegastan hátt.</li> </ul>                                                                                                                         |

## Skólanámskrá 3. bekkur

### Upplýsinga- og tæknimennt

| Hæfniviðmið<br>Nemandi getur:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | Námsefni                                                                                                                                                                                                                             | Kennsluhættir                                                                                                                                                                                             | Námsmarkmið                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Vinnulag og vinnubrögð</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms,</li> <li>gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,</li> <li>beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu,</li> <li>sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Efni frá kennara</li> <li>Vefir mms.is</li> <li>Leitarvélar</li> <li>Google Docs</li> <li>Google Slides</li> <li>Málun</li> <li>Kahoot</li> <li>Fingrafimi</li> <li>Typetastic.com</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>vinna með ýmsa námsvefi og smáforrit í tengslum við ritunar- og lestrarverkefni,</li> <li>þjálfun í fingrasetningu og mismunandi framsetningu á textum.</li> </ul> | <b>Að nemandi geti:</b> <p>Kennsluvefir</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>að nemendur þjálfist í lestri og stærðfræði</li> </ul> <p>Fingrasetning</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>að nemandi geti skrifað alla heimalykla í blindskrift</li> </ul> <p>Ritun</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>að nemandi geti skrifað nafn og heimilisfang rétt. Auk þess að geta breytt stafastærð og lit</li> </ul> <p>Málun</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>að nemandi geti teiknað mynd, notað liti, fötu og form. Auk þess að setja inn bakgrunn og vinna með fjarvídd.</li> </ul> |
| <b>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna,</li> <li>leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu,</li> </ul>                                                                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                                      | <ul style="list-style-type: none"> <li>vinna með ýmsa námsvefi og smáforrit í tengslum við stafainnlögn, lestur og ritun,</li> <li>nýta gagnvirk náms- og leikjaforrit,</li> </ul>                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |

## Skólanámskrá 3. bekkur

|                                                                                                                                                                                                        |                                                                      |                                                                                                                                                                        |  |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum,</li> <li>• nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni,</li> <li>• unnið með heimildir.</li> </ul> |                                                                      | <ul style="list-style-type: none"> <li>• leita að upplýsingum á Veraldarvefnum og vitna í þær,</li> </ul>                                                              |  |
| <b>Tækni og búnaður</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu,</li> <li>• nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð.</li> </ul>                            | <ul style="list-style-type: none"> <li>• iMovie í iPad</li> </ul>    | <ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna með letur, hljóð og myndir í ýmsum smáforritum,</li> <li>• einföld forritunarverkefni, t.d. hreyfimyndagerð.</li> </ul> |  |
| <b>Sköpun og miðlun</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.</li> </ul>                                                                      | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Efni frá kennara</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• umræður og jafningjafræðsla,</li> </ul>                                                                                       |  |
| <b>Siðferði og öryggismál</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.</li> </ul>                                                                                    | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Efni frá kennara</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• fyrirlestrar og meðferð persónuupplýsinga og mynda á Veraldarvefnum sem og samskiptamiðlum af ýmsum toga.</li> </ul>          |  |